

Heimild stjórnvalda til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993

Hafsteinn Dan Kristjánsson. Magister juris.

Útdráttur

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hafa stjórnvöld heimild til að leiðrétta bersýnilegar villur eftir að stjórnvaldsákvörðun hefur verið birt aðila máls enda tilkynni það aðila um leiðréttinguna án tafar og láti honum nýtt endurrit í té. Í greininni er tekið til umfjöllunar hvers konar villur falla undir ákvæðið og hvenær þær teljast vera bersýnilegar. Komist er að þeirri niðurstöðu að þær villur sem verða við formlega úrvinnslu eða meðferð máls og eru augljósar frá sjónarhorni borgarans falla undir ákvæðið. Jafnframt er vikið stuttlega að öðrum skilyrðum ákvæðisins og leitast við að draga fram í dagsljósið álitaefni sem gæti reynt á í framkvæmd í ljósi þeirra villna sem heimilt er að leiðrétta með vísan til ákvæðisins.

Lykilorð Stjórnsýsluréttur, leiðrétting, bersýnilegar villur.

Abstract

According to article 23, parag. 2, of the Administrative Procedure Act no. 37/1993 an authority may, after a notification to a party of a decision, correct manifest errors therein, provided that the authority notifies the party of the correction without delay and communicates to him a fresh copy of the decision. The article addresses what kind of errors fall within the ambit of the provision and when the errors are considered manifest errors. It is concluded that errors that pertain to the formal processing of a case and are obvious from the point of view of the party fall within the ambit of the provision. In addition, the article shortly addresses other conditions of the provision and some issues which may arise in practice, in light of what kind of errors can fall within its ambit.

Keywords Administrative law, correction, manifest errors.

1. Innganguri

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hefur stjórnvald heimild til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, sem hefur verið tilkynnt aðila, enda tilkynni það aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hafa endurrit af ákvörðuninni



nýtt endurrit í té. Í ákvæðinu er kveðið á um leiðréttingarheimild til handa stjórnvöldum. Efnislegt gildissvið heimildarinnar ræðst af túlkun á hugtakinu „bersýnilegar villur“. Taka þarf afstöðu til þess *hvers konar* villur falla undir heimildina og *hvenær* þær teljast vera bersýnilegar. Þegar leitast er við að svara fyrri spurningunni vaknar það álitaefni hvort beiting heimildarinnar getur leitt til breytingar á *efni ákvörðunar*, þ. á m. niðurstöðunni, eða hvort heimildin nær aðeins til leiðréttingar á þeim villum sem hafa áhrif á form ákvörðunar en hafa ekki jafnframt áhrif á efni hennar. Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að þegar stjórnvaldsákvörðun hefur verið birt, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga, er hún bindandi fyrir aðila máls og stjórnvöld. Hún hefur því öðlast réttaráhrif (Andersen 1956, 155). Enn fremur hefur verið talið að stjórnvöld þurfi ekki að fara í gegnum sambærilegt mat og þegar þau ákveða að afturkalla ákvarðanir sínar þar sem m.a. er tekið tillit til réttmætra væntinga borgaranna (Garde 2009, 527-528; Gammeltoft-Hansen 2002, 595). Auk þess má ráða af athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að stjórnsýslulögum að stjórnvöld þurfa ekki að fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem þar er kveðið á um þegar þau beita heimild 2. mgr. 23. gr. laganna (Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3303-3304). Það kann því að skipta verulegu máli hversu langt heimildin nær.

Megininntak þessarar greinar er helgað því að svara hvers konar villur falla undir ákvæðið og hvort heimildin nær til leiðréttinga á villum sem hafa áhrif á efni ákvörðunar. Jafnframt verður stuttlega vikið að öðrum skilyrðum sem ber að uppfylla samkvæmt ákvæðinu, einkum því að villa verður að teljast bersýnileg. Þrátt fyrir að sum skilyrða ákvæðisins séu tiltölulega einföld geta flókin álitaefni risið sem ekki hefur enn verið leyst úr í framkvæmd. Reynt verður að draga þau fram í dagsljósið.

2. Hvers konar villur falla undir ákvæðið?

2.1 Hugtakið villa samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga

Áður en stjórnsýslulögin tóku gildi 1. janúar 1994 var talið að í gildi væri óskráð regla um heimild stjórnvalda til að leiðrétta ákvarðanir sínar. Var talið að stjórnvöld hefðu sambærilega heimild og dómara til að leiðrétta villur í dómum sínum, sbr. nánar í kafla 2.2. Það var ekki talið útilokað að þessi heimild stjórnvalda væri víðtækari en heimild dómara (Ólafur Jóhannesson 1974, 246). Á óskráðu regluna, um heimild stjórnvalda til að leiðrétta villur í ákvörðunum sínum, hefur reynt í tveimur málum hjá umboðsmanni Alþingis.

Í *UA frá 20. september 1994 (nr. 877/1993) (álag á vanskilafé)* hafði skattstjóri vísað til 28. gr. laga nr. 47/1987 í stað laga nr. 45/1987 í úrskurði sínum í máli A. Taldi A að úrskurður skattstjórans í Reykjavík væri byggður á rangri lagaheimild. Umboðsmaður taldi með vísan til rökstuðnings úrskurðarins að öðru leyti og þess hvernig málið bar að, að hin ranga lagatilvísun gæti naumast verið verulegur annmarki á rökstuðningi úrskurðarins. Umboðsmaður komst þó að þeirri niðurstöðu að rétt hefði verið að skattstjórinn hefði leiðrétt þessa misritun strax og embættið fékk vitneskju um villuna og tilkynnt A um leiðréttinguna. Í þessu máli var óskráða reglan talin ná til leiðréttingar á *innsláttarvillu*.

Í *UA frá 12. nóvember 1992 (nr. 399/1991) (bjónaskilnaður)* höfðu ritara orðið á þau

mistök, þegar hann sló inn endurrit af bókun um fyrirtöku, að setningu úr kröfugerð A vantaði en hún hljóðaði svo: „en til vara skilnaður að borði og sæng ...“. Mistökin voru leiðrétt með útgáfu nýrra endurrita sem send voru málsaðilum og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Skipaður umboðsmaður gerði ekki athugasemd við þessa málsmeðferð. Í þessu máli var óskráða reglan talin ná til villu sem átti sér stað við *textalega úrvinnslu* á máli, þ.e. að hluti af setningu hafði fallið á brott. Í báðum þessum málum er um að ræða villur sem eiga sér stað við *formlega úrvinnslu* máls.

Eins og fyrr greinir þá hefur heimildin verið lögfest með 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og er gildissvið hennar bundið við leiðréttingu á bersýnilegum villum stjórnvaldsákvörðana. Í texta ákvæðisins er ekki gerð nánari grein fyrir því *hvers konar* villur falla undir það. Í athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að stjórn-sýslulögum segir um 2. mgr. 23. gr. að stjórnvaldi sé heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, svo sem misritun á orði, nafni eða tölu og reikningsskekkju, svo og aðrar bersýnilegar villur er varða form ákvörðunar. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að heimildin taki hins vegar ekki til leiðréttingar á efni ákvörðunar. Hafi því t.d. efni ákvörðunar orðið rangt vegna lögvillu stjórnvaldsins, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika sé ekki unnt að breyta ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis (Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3304; sjá til hliðsjónar Páll Hreinsson 1994, 242).

Við túlkun á 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga verður jafnframt að huga að öðrum ákvæðum í VI. kafla laganna en sá kafli fjallar um heimildir stjórnvalds til að breyta stjórnvaldsákvörðun. Af 1. mgr. 23. gr. verður ráðið að leiðrétting á bersýnilegum villum felur í sér þrengri heimild en *breyting* á efni ákvörðunar. Í 2. mgr. 23. gr. felst því ekki heimild til að taka *efnislega nýja ákvörðun* eins og heimilt er samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins. Af 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. verður dregin sú ályktun að hafi ákvörðun byggst á *ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik* ber að leggja málið í þann farveg sem það ákvæði mælir fyrir um. Það ákvæði er að vísu bundið við rétt aðila máls til að fá mál tekið upp en það kann að koma til greina að afturkalla ákvörðunina við þessar aðstæður, sbr. til hliðsjónar 25. gr. stjórn-sýslulaga. Þessi tilvik eru í samræmi við þau dæmi sem eru talin upp í athugasemdum við 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga. Í athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að stjórn-sýslulögum kemur fram að málsmeðferðarreglur stjórn-sýslulaga gilda um ákvarðanir um endurupptöku máls og afturköllun. Af þeim verður ráðið að málsmeðferðarreglur stjórn-sýslulaga gilda ekki þegar stjórnvald ákveður að leiðrétta bersýnilegar villur (Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3303-3304). Af því má draga þá ályktun að heimild 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga gengur skemur en heimildir 24. og 25. gr. laganna og ákvörðun um að beita heimildinni er ekki ákvörðun um rétt eða skyldu manna í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórn-sýslulaga. Vegna þess má styðjast við það leiðbeiningarsjónarmið að þegar uppi er vafi, um hvort heimildin sé fyrir hendi, beri fremur að álykta að svo sé ekki og leggja málið í farveg t.d. afturköllunar ef skilyrði til þess eru fyrir hendi. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að málsmeðferðarreglum stjórn-sýslulaga er ætlað að gæta að réttaröryggi borgaranna.

Af framangreindu má draga vissar ályktanir um efnislegt gildissvið 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga. Texti ákvæðisins er ekki takmarkaður við leiðréttingu á villum sem

lúta aðeins að formi ákvörðunar heldur segir þar að heimilt sé að „leiðréttu bersýnilegar villur“ án þess að vísað sé til þess nánar af hvaða tagi þær villur kunni að vera. Í athugasemdunum kemur fram að heimildin nái aðeins til leiðréttinga á villum „er varða form ákvörðunar“ en taki hins vegar ekki til „leiðréttingar á efni ákvörðunar“. Þessar athugasemdir verður þó að skilja í ljósi sambengis þeirra. Í athugasemdunum er gerður greinarmunur á villum sem felast í „misritun á orði, nafni eða tölu og reiknings-skekkju“ annars vegar og hins vegar þeirra tilvika þegar efni ákvörðunar hefur orðið rangt „vegna lögvillu stjórnvaldsins, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika“. Fyrirnefndu villurnar lúta að formi ákvörðunar en þær síðarnefndu að efni hennar.

Af þessum athugasemdum má álykta að hugtakið villa í skilningi 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga takmarkast við villur ákveðins eðlis en með því er átt við að villa hafi orðið vegna *ákveðinna ástæðna* eða eigi sér *ákveðinn uppruna*, sbr. upptalningu á dæmum í ofanröktum athugasemdum og tilvísun þeirra til „[villna] er varða form ákvörðunar“, í orðið „vegna“ og í „þess háttar tilvik“. Ef rót villunnar má rekja til einhvers konar misritunar eða reiknings skekkju eða sambærilegri ástæðna, þ.e. villur sem eiga sér stað við *formlega úrvinnslu eða meðferð ákvörðunar*, fellur hún undir gildissvið 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga. Ef rót villunnar má hins vegar rekja til t.d. lögvillu (l. *error juris*), breytttrar afstöðu til túlkunar lagaákvæðis, ónógra eða rangra upplýsinga (l. *error facti*), breytts eða rangs mats í málinu eða breyttra eða rangra ályktana af gögnum máls, fellur hún utan ákvæðisins. M.ö.o., villur sem eiga sér stað við *efnislega úrvinnslu eða meðferð ákvörðunar*.

Af framanröktu má því draga þá ályktun að heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga til að leiðréttu bersýnilegar villur takmarkast ekki við leiðréttingar á formi ákvörðunar án þess að slík leiðrétting geti haft áhrif á efnislega niðurstöðu hennar svo lengi sem eðli villunnar, þ.e. rót eða ástæða hennar, sé slíkt að það tengist formlegri úrvinnslu eða meðferð ákvörðunar en ekki t.d. efnislegu mati á máli. M.ö.o. þá ræður úrslitum um það hvort villa falli undir hugtakið villu í 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga hvert eðli hennar er en ekki áhrif hennar. Því ber ekki að leggja áherslu á hvort leiðrétting muni hafa áhrif á form eða efni ákvörðunar heldur *hvers eðlis villan* er sem á að leiðréttu og hvort hún telst bersýnileg frá sjónarhóli aðila máls eins og nánar er vikið að í kafla 3. Að framan var vikið að því að óskráð regla um heimild stjórnvalda til að leiðréttu ákvarðanir sínar sækti stoð í þau grunnrök sem búa að baki heimild dómara til að leiðréttu dóma sína. Slíka leiðréttingarheimild er enn að finna í lögum um meðferð einkamála. Því ber að taka til skoðunar hvað felst í þeirri heimild og hvaða ályktanir má draga af tilvist hennar um merkingu 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga.

2.2 Heimild dómara til að leiðréttu bersýnilegar villur í dómum sínum, einkum ákvæði 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála

2.2.1 Réttarheimildir og réttarframkvæmd

Um heimild dómara til að leiðréttu uppkveðna dóma var áður kveðið í 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þar sagði að dómur væri bindandi fyrir dómara, er hann hefði verið upp kveðinn samkvæmt 2. mgr. 194. gr. Þó gæti

dómari, bæði af sjálfdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi, en kveðja skyldi hann þá aðilja og málflytjendur þeirra fyrir sig, nema um bersýnilegar ritvillur væri að ræða, og benda þeim á leiðréttingarnar og bóka glögggt, hvað leiðrétt hefði verið. Eftirrit, sem út kynnu að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, skyldi afhenda dómara um leið til leiðréttingar, en frestir teldust frá uppkvaðningunni samkvæmt 3. og 4. mgr. 194. gr.

Í athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að lögum um meðferð einkamála í héraði sagði við 2. mgr. 195. gr. að dómara væri aðeins talið heimilt að leiðrétta ritvillur og töluvillur í dómi sínum eftir að hann hefur lesið hann upp. Annars væri talin þörf á áfrýjun til æðra dóms til að fá leiðréttingar. Aðrar minni háttar leiðréttingar ætti líka að mega leiðrétta án áfrýjunar, en vitanlega mætti ekki breyta hinni raunverulegu niðurstöðu, nema með áfrýjun, nema í þeim fáu tilfellum þar sem slíkt væri sérstaklega leyft (Alpt. 1936, A-deild, bls. 979).

Af texta 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 má ráða að þær villur sem féllu undir heimildina hafi verið ritvillur og ýmiss konar skekkjur. Virðist það benda til þess að einkum þær villur sem voru gerðar við formlega úrvinnslu máls hafi getað fallið undir heimildina. Það sem skiptir mestu máli er að samkvæmt athugasemdunum mátti ekki breyta hinni „raunverulegu niðurstöðu“ nema með áfrýjun. Af þessu virðist mega ráða að það hafi ekki verið útilokað að leiðréttingar, sem höfðu strangt til tekið áhrif á efni niðurstöðunnar, hafi getað fallið undir heimildina svo lengi sem þær hafi ekki breytt raunverulegri niðurstöðu dómsins. Af orðinu „raunverulegri“ má auk þess draga þá ályktun að leggja hafi þurft heildstætt mat á málið, einkum dóminn sjálfan, til að túlka hver hin raunverulega niðurstæða hafi verið en þær leiðréttingar, sem hafi haft áhrif á hana, hafi ekki fallið undir heimildina. Rennir það stöðum undir það að einkum þær villur sem hafi orðið við formlega úrvinnslu máls hafi fallið undir ákvæðið.

Í 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir að dómur sé bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Dómara sé þó heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi þá í té nýtt endurrit án tafar. Í athugasemdum greinargerðar við frumvarp það er varð að lögum um meðferð einkamála segir um ákvæðið að það svari í öllum atriðum til meginefnis 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936. Því er nærtækt að álykta að, þótt ekki sé loku fyrir það skotið að hugtakið „villur“ geti talist víðtækara en orðið „skekkjur“, að ákvæðið sé áfram sama efnis og að athugasemdir að baki eldra ákvæði 195. gr. séu enn haldbærar þegar ályktað er um merkingu 3. mgr. 116. gr. (Alpt. 1991-1992, A-deild, bls. 1110.)

Á ofangreinda heimild hefur reynt nokkrum sinnum í dómaframkvæmd Hæstaréttar. Í *Hrd.* 1975, bls. 728 (*missagnir*) hafði stefndi verið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í einkamáli. Í framhaldinu áfrýjað stefnandi málinu til Hæstaréttar í heild sinni. Jafnframt leitaðist hann við að fá forsendum héraðsdómsins breytt án þess þó að krefjast breytinga á dómsorði, þ.e. niðurstöðu dómsins, með því að rita bréf til borgardómarans sem kvað upp dóminn. Í bréfi borgardómarans til aðilans var fallist á að leiðrétta tilteknar ritvillur en tekið fram að ef um væri að ræða missagnir í dómi málsins þá væru þær þess eðlis að honum væri óheimilt að breyta þeim. Stefndi

skaut synjun dómarsins á frekari leiðréttingum til Hæstaréttar. Hæstiréttur taldi lagaheimild skorta til kæru málsins og vísaði málinu frá dómi. Stefnandi höfðaði þá mál gegn borgardómaranum þar sem hann fór fram á að forsendur dómsins yrðu leiðréttar, þ.e. að leiðrétt yrðu öll þau tilvik í dómi borgardóms þar sem rangt væri farið með staðreyndir, að leiðrétt yrðu öll þau tilvik í sama dómi þar sem orðalagið væri óljóst og ótvírátt og að leiðrétt yrði öll hlutdrægni dómarsins í hans garð sem kæmi fram á nokkrum stöðum í dómnum. Dómur Hæstaréttar í upphaflega málinu, sem hafði verið áfrýjað, lá ekki fyrir þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í þessu máli. Í málinu staðfesti Hæstiréttur dóm bæjarþings Reykjavíkur með vísan til forsendna hans. Í þeim forsendum var tekið fram að skýra bæri ákvæði þágildandi 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 svo að það væri alfarið á mati dómara hvaða leiðréttingar hann teldi sér skylt eða heimilt að gera á dómi. Með gagnályktun yrði niðurstaðan sú, að sá, er vill fá fram leiðréttingar umfram það, sem dómari telur réttmætt og heimilt, eigi ekki tiltæk önnur réttarfarsúrræði en áfrýjun. Samkvæmt því bæri að vísa frá dómi því máli sem væri höfðað til að fá fram leiðréttingar eða breytingar á forsendum hliðsetts dómstóls.

Í þessu máli voru þær tegundir meintra villna sem taldar voru upp í kröfugerð stefnanda og leitast var við að fá leiðréttar með dómi almennt þess eðlis að telja má líkur fyrir því að þær hafi fallið utan heimildar 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Í dómnum er tekið fram að það sé undir dómara sjálfum komið hvaða leiðréttingar hann telur sér réttmætt og heimilt að gera.

Í *Hrd.* 1987, bls. 437 (*atvikalýsing*) hafði héraðsdómur leiðrétt, gegn andmælum áfrýjanda, atvikalýsingu í dómsforsendum með skírskotun til þágildandi 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 þannig að í 2. mgr. IV. kafla dómsins var breytt dagsetningunni 16. maí 1956 í 16. maí 1955 og felld niður orðin: „eða um 2 mánuðum eftir að seinni lóðarleigusamningur var gerður og honum þinglýst, samdægurs hinn 2. febrúar 1956.“ Í dómi Hæstaréttar var talið að þessi breyting „gengi lengra“ en heimilað væri í 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Í forsendunum er ekki vikið sérstaklega að því hvort þessi villa hafði áhrif á niðurstöðuna eða hverjar ástæður hennar væru. Vel má vera að misritun á ártölunum 1955 og 1956 hefði getað rúmast innan heimildarinnar en í dómi héraðsdóms var jafnframt ályktað á grundvelli rangs ártals um málsatvik. Þykir því nærtækt að álykta að í þessu tilviki hafi rangar upplýsingar verið lagðar til grundvallar í forsendum dómsins. Rétt þykir einnig að minna á að heimild 2. mgr. 195. gr. var samkvæmt athugasemdum að baki ákvæðinu m.a. bundin við „minni háttar leiðréttingar“ en í dómnum er tekið fram að breytingarnar hafi „gengið lengra“ en heimilt væri.

Í *Hrd. frá 18. mars 2008 í máli nr. 454/2007 (breytt kröfugerð)* voru atvik þau að í dómi héraðsdóms uppkveðnum 4. apríl 2007 var ekki tekið tillit til breyttrar kröfugerðar O. Hinn 1. júní 2007 var málið hins vegar tekið fyrir að nýju og dómsorðið leiðrétt með vísan til 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 þannig að tekið var tillit til hinnar breyttu kröfugerðar sem báðir aðilar höfðu lýst sig samþykka. Í forsendum dóms Hæstaréttar kemur fram að ákvæðið heimili ekki að gerðar séu efnisbreytingar á dómi eftir uppkvaðningu hans og var vísað í *Hrd.* 1987, bls. 437. Það var niðurstaða Hæstaréttar að sú efnisbreyting sem hafði verið gerð hefði farið út fyrir heimildir sem

dómari hefur til að leiðrétta dóm eftir uppsögu hans samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Var dómur héraðsdóms því ómerktur og vísað heim í hérað til aðalmeðferðar eftir þörfum, nýs málflutnings og dómsálagningar á ný. Í þessum dómi var byggt á röngum upplýsingum, þ.e. rangri kröfu.

Í *Hrd. frá 15. desember 2008 í máli nr. 651/2008 (gjafsókn)* voru aðstæður með þeim hætti að í úrskurði héraðsdóms hafði verið kveðið á um að málskostnaður milli aðila félli niður en greiða skyldi úr ríkissjóði gjafsóknarkostnað hvors aðilans fyrir sig. Eftir uppkvaðningu úrskurðarins kom lögmaður annars aðilans því á framfæri við héraðsdómara að skjólstæðingi hans hefði ekki verið veitt gjafsókn. Héraðsdómari brást við þessu samdægurs og var lögmonnum aðilanna birtur „nýr úrskurður“ með tölvubréfi þar sem ekki aðeins var fellt brott ákvæði um greiðslu gjafsóknarkostnaðar B úr ríkissjóði, heldur var úrskurðinum breytt á þann veg að A var gert að greiða B tiltekna fjárhæð í málskostnað. A kærði úrskurðinn að þessu leyti og krafðist þess að málskostnaður yrði látinn falla niður. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að heimild 2. másl. 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 gæti með engu móti tekið til þess að breyta efnislegri niðurstöðu í dómsúrlausn um hvort öðrum aðilanum verði gert að greiða hinum málskostnað. Verði að líta svo á að í úrskurði í máli aðilanna hafi verið kveðið á um að málskostnaður milli þeirra félli niður og bæri samkvæmt 3. mgr. 116. gr. að virða að vettugi breytingar, sem héraðsdómari hefði leitast við að gera á því ákvæði. Í þessu máli hafði héraðsdómur byggt á röngum upplýsingum sem leitast var við að leiðrétta.

Í *Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008 (dráttarvextir)* hafði S verið dæmdur með dómi Hæstaréttar frá 20. desember 2007 til að greiða B dráttarvexti af vangreiddum mánaðarlegum örorkulífeyri. Í dómsorðinu höfðu verið taldar upp þær greiðslur sem reikna bæri dráttarvexti af og gjalddagar þeirra, auk frádráttar sem kæmi til vegna staðgreiðslu verðbóta. Eftir dóminn gerði S upp við B í samræmi við útreikning Hæstaréttar samkvæmt forsendum dómsins. B taldi kröfu sína hins vegar ekki að fullu greidda og var að hans kröfu gert fjárnám í fasteign S vegna þessa, en aðfararbeiðni B var reist á dómsorði Hæstaréttar. Deildu aðilar um lögmati fjárnámsins og hvernig skýra bæri dómsorð Hæstaréttar. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að í dómi Hæstaréttar 20. desember 2007 í máli nr. 240/2007 væri í dómsorði kveðið á um hvernig reikna skyldi dráttarvexti af skuld varnaraðila fram til 1. júní 2004, þegar fram fór greiðsla sem varnaraðili taldi ljúka skuldinni. Væri í forsendum dómsins sagt að skuldin svo út reiknuð skyldi teljast hluti stofnkröfunnar, þar sem greiðsla þennan dag hefði fyrst gengið inn á ófyrnda dráttarvexti. Ætti sú fjárhæð sem þá stóð eftir að bera dráttarvexti frá þeim tíma. Í forsendunum segir síðan að fyrir mistök hefði framhald dómsorðsins ekki orðið í samræmi við þetta, þar sem kveðið væri þar á um að fjárhæðin sem skyldi bera dráttarvexti frá 1. júní 2004 næmi 3.041.566 krónum en ekki samtölu þeirra dráttarvaxta sem fallið höfðu til fram að þeim degi og mynduðu þá hluta „stofnkröfunnar sem [bæri] dráttarvexti frá þessum tíma“, eins og sagði í forsendum hæstaréttardómsins. Hér væri um að ræða bersýnilega villu, þar sem forsendur dómsins væru skýrar um hvaða hátt skyldi hafa á við útreikning á kröfu sóknaraðila. Með hliðsjón af 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála yrði talið að

dómurinn veitti ekki aðfararheimild fyrir hærri skuld en þeirri sem samkvæmt framansögðu væri lýst með skýrum hætti í forsendum dómsins. Varnaraðili hefði gert upp skuld sína við sóknaraðila 7. janúar 2008 miðað við útreikning samkvæmt forsendunum. Hefði sóknaraðili ekki hnekkt þeim útreikningi. Hinn kærði úrskurður yrði því staðfestur.

Í dómnum var heimild 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 ekki beitt beint heldur var dómur *túlkaður* með vísan til heimildarinnar. Dómurinn var túlkaður þannig að leggja bæri skýrar forsendur hans til grundvallar en ekki dómsorð en þar hefði átt sér stað *mistök* og það þrátt fyrir að leiðréttingin hafi strangt til tekið haft áhrif á efni niðurstöðunnar samkvæmt dómsorðinu. Hér verður hins vegar að hafa í huga að í athugasemdum að baki eldra ákvæði 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 var kveðið á um að ekki mætti breyta „raunverulegri“ niðurstöðu dóms. Í þessu máli túlkar Hæstiréttur dóminn svo að raunveruleg niðurstaða hafi birst í dómsforsendunum en ekki dómsorðinu. Villan hafi verið mistök sem félli undir leiðréttingarheimild 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Í *Hrd. frá 28. maí 2009 í máli nr. 543/2008 og 544/2008 (landamerki)* höfðu stefndu krafist þess að héraðsdómur yrði staðfestur þó með þeirri breytingu að leiðrätt væri villa í dómsorði er lyti að tilgreiningu á hnitum tiltekinna punkta. Var leiðréttingin skýrð á þann veg að um væri að ræða lagfæringu á ritvillu í kröfugerð þeirra í héraðsstefnu og dómsorði. Áfrýjendur höfðu lýst því yfir að þeir gerðu ekki athugasemdir við leiðréttinguna. Í dómi Hæstaréttar er tekið fram að leiðréttingin falli innan marka 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og sé stefndu heimil. Í þessum dómi er tiltekin ritvilla talin falla undir heimild dómara til leiðréttingar.

Í fyrrnefndum *Hrd. frá 18. mars 2008 í máli nr. 454/2007 (breytt kröfugerð)* kemur fram að heimild 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 nái ekki til þess að gerðar séu efnisbreytingar á dómi eftir uppkvaðningu hans. Síðan segir að sú efnisbreyting sem hafi verið gerð hafi farið út fyrir þær heimildir sem dómari hefur til að leiðrétta dóm eftir uppsögu hans. Í fyrrnefndum *Hrd. frá 15. desember 2008 í máli nr. 651/2008 (gjafsókn)* kemur fram að heimildin geti með engu móti tekið til þess að breyta efnislegri niðurstöðu í dómsúrlausn um hvort öðrum aðilanum verði gert að greiða hinum málskostnað. Dómsforsendur þessara tveggja dóma virðast benda til þess að ekki sé heimilt að gera efnislegar breytingar á dómi eftir uppsögu hans. Það verður þó að hafa hugfast að í fyrri málinu reyndi á það tilvik að kröfu var breytt eftir á og í síðara málinu eru dómsforsendurnar bundnar við úrskurð dómara um málskostnað aðila. Í fyrrnefndum *Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008 (dráttarvextir)* er hins vegar dómur túlkaður með vísan til heimildarinnar á þann hátt að skýrar forsendur hans voru lagðar til grundvallar en ekki misritun í dómsorði og það þrátt fyrir að sú breyting á dómsorðinu hafi strangt til tekið falið í sér efnislega breytingu á „niðurstöðunni“. Af þessu virðist mega álykta að heimilt sé að leiðrétta tilteknar tegundir villna sem geta haft áhrif á efni dóms en þó þannig að ekki má breyta raunverulegri niðurstöðu máls eins og hún verður ráðin af túlkun á dómnum sjálfum.

Til hliðsjónar má benda á að í 3. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er að finna sambærilega heimild og í 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Á

Ákvæðið hefur reynt í *Hrd. frá 10. desember 2009 í máli nr. 292/2009 (einkaréttarkrafa)*. Í málinu fóru ákærðu fram á að héraðsdómur yrði ómerktur og vísað heim í hérað til dómsálagningar á ný en í dómi héraðsdóms hafði í niðurstödukafla forsendna hans verið kveðið á um að ákærðu bæru að greiða A 814.831 krónur „ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði“. Í dómsorði var á hinn bóginn ekkert ákvæði um þessa kröfu. Eftir að þessar kröfur ákærðu voru fram komnar sendi héraðsdómari ríkissaksóknara bréf þar sem tilkynnt var að komið hefði í ljós bersýnileg villa í dómsorði hins áfrýjaða dóms með því að þar hafði fallið niður að greina frá niðurstöðu um fyrrnefnda einkaréttarkröfu og hefði villan verið leiðrétt með heimild í 3. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að samkvæmt 3. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 skulu niðurstöður máls dregnar saman í dómsorði. Þótt það hafi ekki að þessu leyti verið gert í héraðsdómnum hafi verið í forsendum hans tekin afstaða til einstakra liða í einkaréttarkröfunni og komist að niðurstöðu um fjárhæð hvers liðar. Í dómnum er síðan rakið að vörn ákærðu fyrir Hæstarétti hafi ekki getað orðið áfátt af þessum sökum. Þótt leiðrétting héraðsdóms hafi ekki borist fyrir en raun varð á og þá fyrst komið nánar fram hvernig færi um vexti af skaðabótum áttu ákærðu kost á að hreyfa athugasemdum um það atriði málsins við munnlegan flutning þess fyrir Hæstarétti. Ekki var fallist á að efni væri til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Af þessum dómi virðist mega ráða að heimilt sé að leiðrétta dómsorð í samræmi við afstöðu til fjárhæðar kröfu í niðurstödukafla í dómsforsendum og það þótt ekki hafi verið kveðið nánar á um útreikning vaxta skaðabótakröfu þar. Af dómnum verður ekki skýrlega ráðið í hverju villa héraðsdómarans hafi falist en nærtækt er að álykta að honum hafi yfirsétt að draga saman niðurstöðu sína um fjárhæð skaðabótakröfu í dómsorði og *að taka afstöðu til þess* hvernig færi með útreikning vaxtanna. Ef rót villunnar er sú að héraðsdómari hafi gleymt að taka afstöðu til þessa atriðis, þ.e. hvernig færi með útreikning vaxtanna, andstætt t.d. því að texti þess efnis hafi fallið á brott við textalega vinnslu dómsins, er ekki sjálfgefið að villan sé þess eðlis að hún falli undir heimild 3. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008. Það ákvæði tók við af ákvæði 3. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála en þar áður gildi ákvæði 168. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt því giltu ákvæði 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði um opinber mál. Því er nærtækt að álykta að hafa megi hliðsjón af athugasemdum að baki 2. mgr. 195. gr. við túlkun ákvæðisins. Með hliðsjón af því má velja því upp hvort Hæstiréttur hafi litið svo á að um hafi verið að ræða „minni háttar leiðréttingu“ í skilningi þeirra athugasemda og þá með hliðsjón af eðli þess atriðis sem var verið að leiðrétta, því að í forsendum dómsins hafði verið tekin afstaða til þess hver fjárhæð kröfunnar væri og að hún bæri vexti og hvernig reglur IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu eru úr garði gerðar. Þá má einnig benda á það að það lá fyrir Hæstarétti að leysa úr því hvort þessi villa og leiðrétting hennar á síðari stigum hefði átt að leiða til ómerkingar dómsins. Sem fyrr greinir komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Erfitt er að draga skýra ályktun um það af dómnum hvort undir 3. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 falli ekki aðeins villur sem verða við formlega úrvinnslu eða meðferð máls heldur einnig þær villur þar sem láðst hefur að taka afstöðu til atriðis svo lengi sem

leiðrétting þess attriðis sé minni háttar. Hér má einnig benda á að sá munur er á þessum dómi og *Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008 (dráttarvextir)* að þar var talið að forsendur dómsins væru skýrar um hvaða hátt skyldi hafa á við útreikning á kröfu sóknaraðila en gerð höfðu verið mistök við ritun dómsorð.

Í þessu sambandi má til hliðsjónar benda á *UA frá 12. september 2001 (nr. 3152/2001) (svipting ökuréttinda)*. Í málinu kvartaði A yfir því að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði hafnað að veita honum ökuréttindi á ný einkum á þeim grundvelli að hann hefði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur á árinu 1999 verið sviptur ökurétti ævilangt. A hélt því hins vegar fram að hann hefði ekki með formlegum og lagalega bindandi hætti verið sviptur ökurétti ævilangt með umræddum héraðsdómi. Við uppkvaðningu héraðsdóms í máli A hafði í dómsorði, sem kveðið var upp í heyranda hljóði að viðstöddum A og verjanda hans og þeir fengu afhent skriflega, ekki verið kveðið á um sviptingu ökrúettar. Þá lágu ekki fyrir forsendur dómsins. Í framhaldinu boðaði héraðsdómari til sérstaks þinghalds vegna málsins og kynnti að mistök hefðu orðið í óstaðfestu endurríti sem dómþoli fékk afhent af dómsorði þegar dómur var kveðinn upp sem voru þau að úr dómsorðinu hafði fallið að ákærði væri sviptur ökurétti ævilangt. Óskað var eftir viðhorfum A og verjanda hans til þess hvort þeir féllust á að viðurlögunum yrði bætt við dómsorðið í staðfestu endurríti í samræmi við 3. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991. Þeir féllust ekki á það og var dómsorðið látið standa óbreytt. Í forsendum dómsins kom hins vegar fram að A hefði verið sviptur ökurétti.

Umboðsmaður taldi að löggjafinn hefði ekki ætlað stjórnvöldum svigrúm til mats um það hvort og þá hvaða refsing eða refsikennd viðurlög viðkomandi hefði hlotið í dómi. Leiða mætti þennan skilning af sjónarmiðum um réttaröryggi borgaranna og stjórnskipulegri stöðu stjórnslunnar gagnvart dómstólum, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Leggja bæri því formlegan mælikvarða til grundvallar og ef vafi léki á því hver væri hin bindandi réttaráhrif dóms í refsímáli þá væri rétt og eðlilegt að skýra slíkan vafa dómþola í hag. Umboðsmaður tók því næst til umfjöllunar hvaða hluti dóms skyldi ráða úrlausn ágreinings um réttaráhrif hans. Umboðsmaður leit til sjónarmiða í skrifum fræðimanna um að einungis dómsorðið hefði bindandi réttaráhrif fyrir aðila máls. Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu, m.a. m.t.t. eðlis refsinga og refsikenndra viðurlaga, að miða yrði að jafnaði við það að einvörðungu dómsorðið hefði lagalega bindandi áhrif gagnvart dómþola í opinberum málum. Stjórnvöldum væri því að jafnaði skylt að byggja ákvarðanir við fullnustu dóma á þeim niðurstöðum dómara sem með skýrum og ótvíræðum hætti kæmu fram í dómsorði. Aðeins yrði því hægt að fallast á það viðhorf að stjórnvöldum væri heimilt í einstökum tilvikum að byggja eftirfarandi ákvarðanir sínar, að því marki sem þar yrði að leggja til grundvallar tiltekna refsingu eða refsikennd viðurlög í dómi, á heildarmati á forsendum og niðurstöðu dóms í opinberum málum, að slíka heimild væri að finna í lögum. Umboðsmaður tók fram að af atvikum málsins yrði ekki önnur ályktun dregin en að héraðsdómari hafi ekki talið sig hafa heimild að lögum til að breyta dómsorðinu eins og aðstæðum var háttað. Taldi hann ófært að taka tillit til sjónarmiða að stjórnvöld hefðu við þessar aðstæður svigrúm til að leggja heildstætt mat á meðferð málsins fyrir dómnum og þá einnig hugsanlega aðra hluta dómsniðurstöðunnar, s.s. lýsingu á málsatvikum og

forsendum dómara og það þótt það kynni að leiða til óheppilegrar niðurstöðu í sumum tilvikum. Ef mistök yrðu af hálfu dómara við meðferð máls og samningu dóms, þannig að vafi skapast um hver hin lagalega bindandi niðurstaða dóms í rauninni væri, yrði ríkisvaldið að hans áliti að bera hallann af slíkum mistökum en ekki borgararnir. Taldi hann því að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefði ekki verið heimilt að byggja á því við úrlausn á máli A að hann hefði með dómi verið sviptur ökurétti ævilangt.

Í þessu máli kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að jafnaði geti stjórnvöld aðeins byggt á þeim viðurlögum sem koma fram í dómsorði í sakamálum. Af álitinu verður ráðið að það hafi skipt máli að af málsatvikum mátti álykta að héraðsdómari sjálfur hefði ekki talið sig hafa heimild til að leiðrétta villuna. Umboðsmaður virðist ganga út frá því að stjórnvaldinu hafi ekki verið heimilt að túlka dóminn með hliðsjón af forsendum og atvikum málsins og leiðréttingarheimild dómara, a.m.k. ekki eins og atvikum var háttað í þessu máli. Sjá hér einnig til hliðsjónar *Hrd.* 1975, bls. 728 (*missagnir*).

2.2.2 Samspil heimilda dómara til að leiðrétta dóma sína og heimilda stjórnvalda til að leiðrétta ákvarðanir sínar

Eins og vikið var að hér að framan var talið að samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnsluréttar hefðu stjórnvöld sambærilega heimild til að leiðrétta ákvarðanir sínar og dómara dóma sína. Ekki væri þó útilokað að stjórnvöld hefðu víðtækari heimild. Kemur þá til skoðunar hvort 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga sé víðtækari að efni til en heimild dómara samkvæmt 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Með samanburði á texta og athugasemdum 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga og texta 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og athugasemdum að baki eldra ákvæði 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 má halda því fram að hafi dómara heimild til að leiðrétta tiltekna villu í dómi sínum þá hafi stjórnvöld almennt sambærilega heimild á grundvelli 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Ekki er þó útilokað að heimild 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 sé þrengri en heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Til hliðsjónar má á ný benda á að samkvæmt athugasemdum að baki eldra ákvæði 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 var heimildin m.a. takmörkuð við þau tilvik sem fólu í sér „minni háttar leiðréttingar“. Ekki er að finna sambærilega tilvísun í athugasemdum að baki 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Þegar texti fyrrnefnda ákvæðisins er hafður í huga virðist þó mega ráða að ástæða villunnar hafi skipt meira mála, sérstaklega ef sú ástæða var tilgreind í texta 2. mgr. 195. gr. Þýðing þessara athugasemda er því ekki skýr, sbr. hér að aftan. Þegar lagt er mat á það hvort heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga er víðtækari en heimild dómara til að leiðrétta villur sínar verður jafnframt að hafa í huga þær ólíku réttarreglur sem gilda í stjórnslurétti og á sviði réttarfars. Stjórnvöld hafa samkvæmt VI. kafla stjórnslulaga og á grundvelli óskráðra reglna víðtækari heimildir til að breyta niðurstöðum sínum að eigin frumkvæði en dómara hafa. Þessi munur getur einnig birst í ólíku mati á því hvort villa teljist vera *bersýnileg* en um það skilyrði er fjallað hér að aftan. Þá má ekki gleyma því að þótt 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga verði ekki talin víðtækari en sambærileg heimild dómara þá er ekki útilokað að óskráða reglan sé víðtækari að efni til (Frihagen 1993, 32). Auk þess verður að telja að óskráða reglan hafi víðtækara

gildissvið en 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga að því leyttinu til að hún nær til fleiri stjórnvaldsathafna.

Eins og áður er rakið kemur fram í athugasemdunum að baki 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 að aðrar „minni háttar leiðréttingar“ ætti líka að mega leiðrétta án áfrýjunar. Þessar athugasemdir er hægt að skilja a.m.k. á tvo vegu. Annars vegar að aðrar villur en taldar voru upp í texta ákvæðisins og varða formlega úrvinnslu eða meðferð máls hafi getað fallið undir „bersýnilegar skekkjur“ í ákvæðinu svo lengi sem þær hafi verið sams konar eðlis. Hins vegar að aðrar villur en þær sem verða við formlega úrvinnslu eða meðferð máls hafi getað fallið undir „bersýnilegar skekkjur“ í ákvæðinu svo lengi sem leiðrétting þeirra hafi talist minni háttar og ekki haft áhrif á hina raunverulegu niðurstöðu. Vakin er athygli á því að í athugaemdunum kemur fram að *leiðréttingin* sé minni háttar en ekki *villan*. Texti 2. mgr. 195. gr. sker ekki úr um þetta atriði en hann virðist þó veita fremur vísbendingu um að leggja beri fyrri túlkunarkostinn til grundvallar, sbr. hugtakið skekkjur. Ef síðari túlkunarkosturinn er á hinn bóginn lagður til grundvallar, sbr. til hliðsjónar *Hrd. frá 10. desember 2009 í máli nr. 292/2009 (einkaréttarkrafa)*, rís það álitaefni hvort sambærileg tilvik geti fallið undir 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Þegar athugasemdir þess ákvæðis eru hafðar í huga verður að telja sterkar líkur fyrir því að slík tilvik falli ekki undir ákvæðið. Eftir stendur þá aðeins að taka afstöðu til þess hvort óskráða reglan sé víðtækari að efni til en 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga að þessu leyttinu til. Við túlkun á henni verður að hafa í huga þau rök sem hún byggist á og heildarsamhengi meðferðar mála í stjórnslunni þar sem skilvirknis- og réttaröryggissjónarmið kunna að vegast á. Þá getur það skipt máli hvert eðli og áhrif villunnar séu en þau geta verið slík að leggja ber málið í annan farveg samkvæmt lögum. Slík tilvik myndu því heyra til algerra undantekninga ef fallist er á að þau geti á annað borð fallið undir óskráðu regluna.

2.3 Heimild stjórnvalda til að leiðrétta villur í ákvörðunum sínum í dönskum rétti

Heimild stjórnvalda til að leiðrétta villur í ákvörðunum sínum byggist á óskráðri reglu í dönskum rétti rétt eins og í íslenskum rétti fyrir gildistöku stjórnslulaga nr. 37/1993. Í dönskum rétti hefur verið talið að stjórnvöld hafi sambærilega heimild til að leiðrétta ákvarðanir sínar og dómara hafa til að leiðrétta dóma sína, sbr. 1. mgr. 221. gr. retsplejelovenⁱⁱ.

Auk þess hefur verið talið að heimild stjórnvalda sé víðtækari en heimild dómara (Andersen 1956, 455; Garde 2009, 527-528, Gammeltoft-Hansen 2002, 595, Basse 1989, 457-458). Hins vegar verði að gæta þess að ganga ekki of langt við beitingu heimildarinnar. Ekki megi t.d. breyta um afstöðu til efnislegra álitaefna á grundvelli hennar, sbr. til hliðsjónar í réttarfari *UfR 1972, bls. 947*. Slík mál beri að leggja í farveg afturköllunar. Um nánara inntak hennar sé þó erfitt að fullyrða nokkuð. Helst megi hafa hliðsjón af því hvort villa sé bersýnileg (d. *åbenbart*) og að ekki megi líða of langur tími frá því að ákvörðun var birt aðila máls (Garde 2009, 527-528; Gammeltoft-Hansen 2002, 595).

Sem dæmi úr framkvæmd danska umboðsmanns þjóðþingsins má nefna *FOB 1982, bls. 262 (dagpeningar)*. Í málinu reyndi á greiðsluskyldu vinnuveitanda á dagpeningum.

Upphaflega hafði stjórnvaldið ákveðið að greiða skyldi dagpeninga frá tiltekinni dagsetningu en síðar breytt ákvörðuninni, áður en hún var birt aðila máls, þannig að greiðsluskyldan næði til alls þess tímabils sem hann hafði verið frá vinnu. Vegna mistaka var síðari ákvörðunin ekki birt heldur sú fyrri. Stjórnvaldið leiðrétti síðan þessi mistök þegar þau uppgötvuðust. Umboðsmaður taldi að sú ákvörðun, sem hefði verið birt, hefði öðlast réttaráhrif. Í málinu vísaði umboðsmaður til hliðsjónar til 1. mgr. 221. gr. retsplejeloven og benti á að samkvæmt dómaframkvæmd næði sú heimild ekki til þeirra efnislegu álitafna sem dómari hefur tekið afstöðu til. Hann taldi að leiðréttingin í þessu máli hefði ekki fallið undir óskráða leiðréttingarheimild stjórnvalda með vísan til 1. mgr. 221. gr. retsplejeloven. Umboðsmaður taldi ekki þörf á því að taka afstöðu til þess hvort heimilt hefði verið að leiðrétta ákvörðunina á öðrum grundvelli.

Í þessu máli hafði stjórnvald birt ranga ákvörðun og leiðrétt síðar þau mistök. Það var ekki talið falla undir heimildina í dönskum rétti. Ekki er endilega skýr munur á því í öllum tilvikum að birta ranga ákvörðun og birta rétta ákvörðun sem hefur að geyma misritun, sbr. *UA frá 8. mars 2010 (nr. 5649/2009) (leiðrétting einkunnar)* sem fjallað verður um hér að aftan. Í fyrri ákvörðuninni var þó að finna *aðra efnislega niðurstöðu* sem var síðar *breytt* eins og stjórnvöldum er heimilt að gera á grundvelli 1. mgr. 23. gr. íslensku stjórnslulaganna. Stjórnvaldið virðist ekki hafa verið í villu um málsatvik eða lagagrundvöll málsins né breytti það um efnislega afstöðu til málsins eftir á. Hins vegar er heimild 2. mgr. 23. gr. íslensku stjórnslulaganna bundin við *leiðréttingar á hinni birtu ákvörðun*, sbr. texta ákvæðisins en þar segir „í henni“. Því má telja að líkur séu fyrir því að þetta tilvik myndi falla utan heimildar 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga í íslenskum rétti. Að minnsta kosti væri slík villa oft ekki bersýnileg í skilningi ákvæðisins.

Í *FOB 1986, bls. 106 (kærufrestur)* hafði úrskurðarnefnd um umhverfismál vísað frá stjórnslulukæru á þeim grundvelli að kæra hefði borist að kærufresti liðnum. Byggði nefndin þá niðurstöðu sína á röngum upplýsingum en aðili málsins hafði kært til sveitarfélagsins í gegnum síma. Nefndin leiðrétti fyrri ákvörðun og tók málið til efnisumfjöllunar. Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að þessi leiðrétting félli ekki undir heimild í lögum um nefndina sem var sambærileg við 1. mgr. 221. gr. retsplejeloven. Umboðsmaður taldi að stjórnvöldum væri almennt heimilt að leiðrétta ranga ákvörðun innan marka þeirra reglna sem gilda um afturköllun. Hann taldi að það gæti skipt máli hvort villan væri bersýnileg og hversu langur tími væri liðinn frá því að ákvörðun var tekin.

Í þessu máli hafði stjórnvald byggt frávísun á röngum upplýsingum. Því verður að telja að leiðréttingin hefði ekki fallið undir 2. mgr. 23. gr. íslensku stjórnslulaganna. Borgarinn hefði hins vegar getað átt rétt til endurupptöku málsins á grundvelli 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga og stjórnvaldinu hefði líklegast verið heimilt að afturkalla ákvörðunina á grundvelli 25. gr. laganna.

Í *máli danska umboðsmannsins j.nr. 2000-1368-629 (útreikningur refsitíma)* hafði fangelsi reiknað út refsitíma A í bréfi, dags. 14. janúar 2001, til fangelsismálastofnunar. Samkvæmt því bréfi skyldi fanginn vera búinn að afplána 2/3 hluta refsingar hinn 12. desember 2000 og alla refsinguna 14. júlí 2000. Síðar var fanganum tilkynnt að um

hefði verið að ræða ritvillu og að hann myndi teljast hafa afpánað alla refsinguna 14. júlí 2001. Fanginn taldi hins vegar að hann ætti kröfu á því að verða látinn laus úr fangelsi 14. júlí 2000 í samræmi við bréf fangelsins til fangelsismálastofnunar. Umboðsmaður féllst ekki á það. Hann taldi að umrædd villa hefði verið augljós. Í því sambandi benti hann á að afplánun heildarrefsingar væri samkvæmt fyrrnefndu bréfi lokið fyrr en afplánun 2/3 hluta refsingarinnar. Hann var sammála fangelsismálastofnun að fanginn hefði ekki getað talist vera í góðri trú frá upphafi. Jafnframt benti hann á að umræddu bréfi hefði verið beint til fangelsismálastofnunar en ekki fangans. Í þessu máli var um að ræða töluvillu sem talin var falla undir leiðréttingarheimildina.

Í máli *danska umboðsmannsins j.nr. 2000-1340-740* („*ekki*“) hafði orðið „*ekki*“ dottið út í niðurstöðu tiltekins stjórnvalds. Umboðsmaður benti á að virtum þeim forsendum sem kæmu frammar í ákvörðuninni væri umrædd niðurstaða óskiljanleg ef ekki væri litið á hana sem villu. Umrædd villa hefði því verið bersýnileg. Umboðsmaður taldi að stjórnvaldinu hefði verið heimilt að leiðrétta ákvörðun sína. Í þessu máli hafði orð dottið út úr niðurstöðu ákvörðunar og taldi umboðsmaður heimilt að leiðrétta mistökin.

Af framangreindum úrlausnum má ráða að þær villur sem hafa verið taldar falla undir leiðréttingarheimildina í dönskum rétti eru sambærilegar og þær sem falla undir 2. mgr. 23. gr. íslenskra stjórnslulaga. Í dönskum rétti er ekki talið útilokað að leiðréttingarheimildin geti verið víðtækari en heimild dómara þar í landi til að leiðrétta dóma sína, rétt eins og talið er um hina óskráðu meginreglu íslensks stjórnsluréttar. Eins og fyrr greinir þá hefur verið talið að erfitt sé að fullyrða nánar um inntak heimildarnar og hversu langt hún nær.

Til hliðsjónar má benda á að í norskum stjórnslurétti hefur verið talið að stjórnvöld þar í landi hafi heimild til að leiðrétta virkilega augljósar villur í ákvörðunum sínum og hefur í því sambandi verið bent á heimild dómara til að leiðrétta ritvillur, töluvillur og aðrar bersýnilegar skekkjur eða yfirsjónir samkvæmt 156. og 157. gr. lov om rettergangsmåten for tvistemål (tvistemålsloven).ⁱⁱⁱ Hefur verið bent á að þar sem málsmeðferð stjórnslumála er ekki jafn formbundin og málsmeðferð fyrir dómi þá mæli það með því að stjórnvöld hafi víðtækari heimild til að leiðrétta skekkjur í ákvörðunum sínum svo lengi sem efni ákvörðunarinnar stríðir ekki gegn lögum eða sé ógildanleg vegna villunnar. Villur sem fela í sér misskilning á lögum eða á mati í máli falla ekki undir heimildina (Frihagen 1992, 32).

2.4 Framkvæmd umboðsmanns Alþingis

Á heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og þar á undan á óskráðri meginreglu stjórnsluréttar um heimildir til stjórnvalda til að leiðrétta ákvarðanir sínar hefur reynt nokkrum sinnum í framkvæmd hjá umboðsmanni Alþingis. Í fyrrnefndri úrlausn *UA frá 12. nóvember 1992 (nr. 399/1991) (hjónaskilnaðarmál)* hafði hluti af setningu fallið á brott þegar ritari var að rita upp endurrit ákvörðunar. Taldi skipaður umboðsmaður að heimilt hefði verið að leiðrétta villuna með vísan til hinnar óskráðu meginreglu. Í fyrrnefndu álit *UA frá 20. september 1994 (nr. 877/1993) (álag á vanskilafé)* hafði skattstjóri vísað til rangs númers laga og umboðsmaður taldi að sú villa hefði fallið undir óskráðu meginregluna.

Í UA frá 28. ágúst 1997 (nr. 1852/1996) (lokaverkefni) tók umboðsmaður til umfjöllunar hvort heimilt hefði verið að breyta einkunn sem A, B, C og D hafði verið gefið fyrir lokaverkefni þeirra við Háskólann á Akureyri úr 9 í 8 til að gæta að innbyrðis samræmis. Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að einkunnir hefðu verið birtar og því hefði ekki verið heimilt að breyta einkunninni á grundvelli 1. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Ekki var fjallað um það hvort heimilt hefði verið að beita leiðréttingarheimild 2. mgr. 23. gr. Þar sem lagt var nýtt efnislegt mat á lokaverkefnin verður að telja að það ákvæði hafi ekki getað komið til álita.

Í UA frá 21. júlí 1999 (nr. 2458/1998) (kærunefnd jafnréttismála) hafði A verið sent gallað eintak af álitum nefndarinnar en þau mistök höfðu verið leiðrétt í samræmi við 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Mistökin voru fólgin í því að það hafði vantað heilu setningarnar inn í álit kærunefndarinnar. Settur umboðsmaður taldi að heimilt hefði verið að leiðrétta mistökin í samræmi við lögjöfnun frá 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga en nefndin hafði ekki valdheimildir til að taka stjórnvaldsákvörðun og því áttu stjórnslulögin ekki við í málinu. Í málinu er, eins og áður er vikið að, stuðst við lögjöfnun frá 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga en nærtækar hefði verið að styðjast við óskráðu meginregluna.^{iv}

Í þessu máli var villan fólgin í því að hluta af texta í álitu vantaði. Í þessu sambandi má vekja athygli á því að í 1. mgr. 221. gr. retsplejeloven og í 156. gr. tvistemálsloven er sérstaklega vísað til slíkra villna þ.e. forglemmelse^v og utelatelser. Af þessu álitu og fyrrnefndri úrlausn UA frá 12. nóvember 1992 í máli nr. 399/1991 (bjónaskilnaður) má ráða að slíkar villur geti einnig fallið undir 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga og óskráðu meginregluna. Í ljósi þess greinarmunar sem gerður var eftir eðli villu í kafla 2.1 má gera ráð fyrir því að það sé munur á því gleyma eða yfirsjást að taka afstöðu til atvæðis eða álitaefnis, sbr. til hliðsjónar Hrd. frá 10. desember 2009 í máli nr. 202/2009 (einkaréttarkrafa), og þess ef texti fellur á brott eða vantar af ástæðum er varða textalega úrvinnslu máls. Í fyrra tilvikinu hefur ekki verið tekin afstaða til álitaefnis og liggur því ekki fyrir nein raunveruleg niðurstaða um það atvæði en í síðara tilvikinu hafa orðið mistök við textalega úrvinnslu og meðferð máls en leiðrétting á þeim hefur ekki áhrif á raunverulega niðurstöðu þess. Færa má rök fyrir því að fyrra tilvikið falli ekki undir heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga en síðara tilvikið geri það, sbr. fyrrnefnd álit.

Í UA frá 18. mars 2003 (nr. 3515/2002) (blóðskilunarmedferð) hafði Tryggingastofnun ríkisins „afturkallað/leiðrétt“ ákvörðun um greiðslu kostnaðar af bílaleigubifreið vegna ferða föður A, B, í blóðskilunarmedferð. Ástæða þess var sú að tryggingalækni yfirsást að verið væri að sækja um greiðsluþátttöku í bílaleigubíl með skírskotun til sérákvæðis 6. mgr. 5. gr. reglna nr. 213/1999. Byggði stofnunin á því að tilfelli hans yrði ekki jafnað til þeirra tilvika er höfð voru í huga þegar það ákvæði var sett. Umboðsmaður tók fram að ákvörðunin fól í sér efnislega breytingu á réttarstöðu B. Hann taldi að tilvikið félli ekki undir 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Í þessu máli reyndi annað hvort á lögvillu eða að rangar upplýsingar hefðu verið lagðar til grundvallar efnislegu mati á ákvörðun. Af forsendum álitsins virðist mega álykta að breytingar á réttarstöðu borgara geti ekki fallið undir heimildina. Þó ber að varast að draga of víðtækar ályktanir af þessu orðalagi einu saman, sérstaklega í ljósi þeirrar villu sem var leiðrétt en hún féll skýrlega fyrir utan heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga.

Í *UA frá 8. mars 2010 (nr. 5649/2009) (leiðrétting einkunnar)* hafði A, nemandi við fjölbrautarskóla X, verið birt prófseinkunnin 5 í íslenskuáfangi en hann hafði fengið einkunnablað afhent við athöfn í skólanum áritað með þeirri einkunn. Hann gekk síðan sama dag um skólann og inn á prófsýningu hjá kennara námskeiðsins þar sem kennarinn tjáði honum að hann hefði í raun fengið einkunnina 4 en ekki 5 eins og stæði á einkunnaspjaldinu. Hann hefði því í raun fallið í áfanganum. Um hefði verið að ræða misritun við innfærslu einkunnarinnar í Innu, gagna- og upplýsingakerfi framhaldsskólanna. Ritaði kennarinn yfir einkunnina 5 á einkunnablaði A og breytti einkunninni í 4. Settur umboðsmaður tók fram að mat á því hvort fullnægt væri skilyrðum ákvæðisins yrði ekki reist á öðru en einkunnablaðinu sjálfu enda var ákvörðunin birt A við afhendingu þess samkvæmt 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga. Settur umboðsmaður taldi að texti 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga væri ekki takmarkaður við „form“ ákvörðunar og ekki væri ástæða til að skilja forsendur lögskýringargagna að baki ákvæðinu á þá leið að girt væri með öllu fyrir að misritun á tölu, sem teldist órjúfangelgur hluti efnis ákvörðunar, gæti talist „bersýnileg villa“. Niðurstaða hans var sú að umrædd villa gæti fallið undir 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga. Niðurstaða setts umboðsmanns var hins vegar sú að umrædd villa gæti ekki talist bersýnileg í skilningi ákvæðisins eins og nánar verður vikið að í kafla 3.

Í þessu máli hafði misritun átt sér stað við innfærslu einkunnar með þeim afleiðingum að röng einkunn birtist á einkunnuspjaldi sem var afhent nemanda. Settur umboðsmaður taldi að villan sem slík gæti fallið undir ákvæði 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga og jafnvel þótt ekki væri við annað að styðjast við mat á efni ákvörðunarinnar en einkunnina sjálfa. Í þeim tilvikum þegar villan fullnægði því skilyrði að teljast bersýnileg væri því heimilt að leiðrétta hana svo lengi sem öðrum skilyrðum ákvæðisins væri jafnframt fullnægt.

Af ofanrakinni framkvæmd má ráða að undir ákvæði 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga geti fallið villur sem verða við formlega úrvinnslu eða meðferð máls, s.s. textalega úrvinnslu þar sem á sér stað einhvers konar misritun eða brottfall texta, en ekki þær sem verða við efnislega úrvinnslu eða meðferð þess. Undir síðarnefnda flokkinn falla t.d. villur sem verða þegar tekin er afstaða til efnis ákvörðunar, t.d. hvaða gögn og upplýsingar verða lögð til grundvallar, byggt er á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum eða ályktað með röngum hætti af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Jafnframt þegar lagaákvæði er túlkað með röngum hætti eða tilvik ranglega heimfært undir það. Auk þess þegar gleymst hefur að taka afstöðu til atriðis, birt hefur verið röng ákvörðun eða stjórnvald breytir um skoðun eftir að ákvörðun hefur verið birt. Við mat á því hvaða tilvik falla undir þennan flokk getur verið hagnýtt að hafa í huga hvort eðli villunnar sé slíkt að það hafi áhrif á hver hin raunverulega niðurstaða er samkvæmt ákvörðuninni eða varðar eitthvert atriði sem hefur verið eða bar að taka efnislega afstöðu til eða efnisleg afstaða var byggð á. Það ræður á hinn bóginn ekki úrslitum um hvort leiðrétting á villunni geti haft áhrif á efni ákvörðunar, sbr. *UA frá 8. mars 2010 (nr. 5649/2009) (leiðrétting einkunnar)*. Sem fyrr greinir má þó, rétt eins og um 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, vitaskuld ekki breyta hinni „raunverulegu“ niðurstöðu, þ.e. niðurstöðunni án þeirrar villu sem hefur orðið við formlega úrvinnslu ákvörðunar.

3. Hvenær telst villa vera bersýnileg?

Eins og vikið er að hér að framan geta stjórnvöld samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 leiðrétt villur í ákvörðunum sínum jafnvel þótt sú leiðrétting hafi áhrif á efni ákvörðunar, þ. á m. niðurstöðuna. Jafnframt hefur verið talið að stjórnvöld þurfi ekki að fara í gegnum sambærilegt mat og t.d. þegar þau ákveða að afturkalla ákvörðun sína. Ljóst er að heimildin getur haft verulega þýðingu, sbr. *UA frá 8. mars 2010 (nr. 5649/2009) (leiðrétting einkunnar)*. Mikilvægur varnagli er þó sleginn í ákvæðinu með því að villurnar þurfa að vera „bersýnilegar“.

Með þessu skilyrði er gerð krafa um það að villa sé augljós. Matið er frá sjónarhorni borgarans, þ.e. hvort villan hafi mátt vera honum augljós. Við það mat verður að leggja heildstætt mat á ýmis atriði. Kemur þá helst til skoðunar ákvörðunin, sem hefur verið birt borgaranum, og önnur málsatvik og gögn, sem mynda samhengi hennar. Matið er *almennt* í þeim skilningi að lagt er mat á það hvort sá sem er í sambærilegri stöðu og viðkomandi borgari hafi með réttu mátt vænta þess að ákvörðunin væri rétt að efni til, þ.e. án villunnar. Vegna þess að matið tekur tillit til réttmætra væntinga viðkomandi borgara og þeirrar stöðu sem hann er í er ekki útilokaði borgari, sem hefur nýtt sér rétt sinn til að fá aðgang að gögnum málsins undir rekstri þess, sbr. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, geti í einhverjum tilvikum verið í verri stöðu en sá borgari sem hefur ekki haft gögn málsins undir höndum ef þau gögn hafa að geyma upplýsingar sem leiða til þess að hann geti ekki talist vera í góðri trú. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að matið er, eins og endranær þegar reynir á réttmætar væntingar, atviksbundið og tekur tillit til þess hvað aðilanum mátti vera ljóst. Á þetta atriði hefur þó ekki reynt á í framkvæmd. Um það hvenær villa telst vera bersýnileg sjá nánar *UA frá 8. mars 2010 (nr. 5649/2009) (leiðrétting einkunnar)*.

Í málinu hafði A verið birt prófseinkunnin 5 í íslenskuáfangi en hann hafði fengið einkunnablað þess efnis afhent við athöfn í skólanum áritað með þeirri einkunn. Síðar sama dag kom í ljós að sú einkunn var röng og hafði hann átt að fá samkvæmt mati kennara einkunnina 4. Kennari hafði slegið ranga einkunn inn í gagna- og upplýsingakerfi skólans. Þegar þessi mistök uppgötvaðust leiðrétti kennarinn einkunnina á einkunnaspjaldi A. Settur umboðsmaður tók fram að mat á því hvort fullnægt væri skilyrðum 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga yrði ekki reist á öðru en einkunnablaðinu sjálfu enda var ákvörðunin birt A við afhendingu þess samkvæmt 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga. Settur umboðsmaður tók fram að meta yrði í hverju tilviki hvort sú misritun, sem um ræddi, teldist almennt og hlutlægt séð þess eðlis að aðila máls mætti í ljósi heildstæðs mats á atvikum fram að birtingu ákvörðunar með nokkurri vissu vita að um ranga tölu væri að ræða. Horfa yrði til atvika frá sjónarhorni aðila. Vegna matskennds eðlis ákvæðisins væri ekki fært að að orða almenna reglu með nákvæmari hætti. Settur umboðsmaður benti á að í málinu væri ekki við annað að styðjast en einkunnina 5. Einkunn sem væri grundvölluð á mati á prófi væri matskennd ákvörðun. Þegar horft væri til þess hve munurinn væri lítill teldi hann að A hefði með réttu getað vænst þess að ákvörðun Fjölbrautaskólans X væri rétt að efni og hefði falið í sér endanlega niðurstöðu um námsmat hans í áfanganum.

Settur umboðsmaður taldi jafnframt rétt að gera nokkuð ríkar kröfur til þess að misritun tölu, sem lyti að efni ákvörðunar, teldist „bersýnileg“ enda væri stjórnvöldum

með heimildinni veittur möguleiki á því, eftir birtingu ákvörðunar, að breyta efni hennar án þess að þurfa að fylgja að nýju málsmeðferðarreglum stjórnslulaga. Léki vafi á því hvort misritun á tölu teldist við aðstæður sem þessar bersýnileg villa í skilningi 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga yrði samkvæmt þessu að ganga almennt út frá því að stjórnvöldum væri ekki heimilt að leiðrétta villuna á grundvelli þessa ákvæðis.

Í þessu sambandi má einnig benda á *Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008 (dráttarvextir)* en þar leit Hæstiréttur til forsendna í dómi sínum við túlkun á honum og komst að þeirri niðurstöðu að um bersýnileg villa væri um að ræða í dómsorðinu.

Í dönskum rétti hefur verið talið að það geti skipt máli hvort villa sé bersýnileg við afmörkun á heimild stjórnvalda til að leiðrétta villur í ákvörðunum sínum. Í fyrrnefndu *álit danska umboðsmanns í máli j.nr. 2000-1368-629 (útreikningur refsitíma)* leit umboðsmaður til þess að af efni þess bréfs sem fangelsið hafði sent fangelsismálastofnun væri augljóst að um misritun væri að ræða og að viðkomandi fangi hefði ekki getað talist vera í góðri trú. Í *áliti danska umboðsmannsins í máli j.nr. 2000-1340-740 („ekki“)* leit umboðsmaður til þess að forsendur í ákvörðun tiltekins stjórnvalds væri í reynd óskiljanlegar ef niðurstaðan ætti að vera sú sem birtist í niðurstöðu hennar. Í norskum stjórnslurétti hefur verið talið að líklega sé stjórnvöldum aðeins heimilt að leiðrétta villur sem eru augljósar af ákvörðuninni sjálfri eða aðila máls má vera ljóst af ákvörðuninni að hún sé ekki í lagi (Frihagen 1992, 32).

4. Hafa stjórnvöld heimild til að túlka ákvarðanir annarra stjórnvalda m.t.t. 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga?

Í *Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008 (dráttarvextir)* túlkaði Hæstiréttur dóm m.t.t. 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af *UA frá 12. september 2001 (nr. 3152/2001) (svipting ökuréttinda)* má ráða að það hafi haft þýðingu í málinu að dómari í málinu taldi sér ekki heimilt að breyta dómsorði með vísan til þágildandi 3. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála en í málinu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að jafnaði bæri stjórnvaldi í þess konar málum að miða við niðurstöðu eins og hún birtist í dómsorði en ekki að leggja heildstætt mat á dóm og atvik máls með það fyrir augum að álykta hver hin raunverulega refsing eða refsikenndu viðurlög væru sem dómþoli væru dæmdur til. Í málinu hafði niðurstaða um refsikennd viðurlög, sem tekin var afstaða til í forsendum dóms, fallið úr dómsorðinu. Því vaknar það álitaefni hver staðan er þegar slík mistök hafa átt sér stað, þ.e. getið er niðurstöðu með skýrum hætti í forsendum ákvörðunar annars stjórnvalds en nú liggur fyrir að taka ákvörðun en láðst hefur að taka það fram í ákvörðunarorði, en ekki hefur reynt á það hvort stjórnvaldið sem tók ákvörðunina telji sig hafa heimild til að leiðrétta þá villu. M.ö.o., geta stjórnvöld túlkað ákvarðanir annarra stjórnvalda með hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga með það fyrir augum að komast að því hver hin raunverulega niðurstaða var?

Með hliðsjón af því að þær villur sem geta fallið undir 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga geta verið margvíslegar og smávægilegar standa rök til þess að játa stjórnvöldum slíka heimild. Þannig gæti t.d. æðra sett stjórnvald sem þarf að leggja mat á ákvörðun lægra setts stjórnvalds í framhaldi af stjórnslukæru túlkað ákvörðunina með hliðsjón af

heimildinni. Ef líta á framhjá villu sem hefur áhrif á efni ákvörðunar verður þó að hafa í huga að 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga felur í sér þrönga heimild. Jafnframt er stjórnvaldið sem er að túlka ákvörðunina ekki í sömu stöðu og stjórnvaldið sem tók ákvörðunina. Af því leiðir að gera verður þá kröfu að það þurfi að vera augljóst að villan sé *þess eðlis* að hún falli undir heimildina. Við mat á því gæti stjórnvald þurft að upplýsa um tilurð villunnar sem gæti þá í einhverjum tilvikum leitt til þess að það stjórnvald sem tók ákvörðunina ákveði að leiðrétta hana og sé jafnvel skylt að leiðrétta hana, sbr. nánar í kafla 5.1 og 5.3. Jafnframt þarf villan að vera bersýnileg. Ekki er ósennilegt að það skilyrði sé *afstætt* eftir því hver áhrif villunnar sem ber að leiðrétta eru eða túlka með hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga. Þannig gætu sjónarmið um réttaröryggi borgaranna og verkskiptingu sem verða að ráðin af lögum leitt til þess að heimildir stjórnvalda séu ansi takmarkaðar í einhverjum tilvikum, t.d. þegar leiðrétting á villunni hefur mjög íþyngjandi áhrif í för með sér, sbr. til hliðsjónar *UA frá 12. september 2001 (nr. 3152/2001) (svipting ökuréttinda)* sem að vísu varðaði ákvörðun í tengslum við dóm. Jafnframt ber að skýra vafa aðilanum í hag.

Rétt þykir að áréttu hér að heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun er í höndum þess stjórnvalds sem *tók ákvörðunina* eins og ráða má af eðli úrræðisins, texta ákvæðisins og samspili þess við 1. mgr. sama ákvæðis. Æðra sett stjórnvöld hafa þó að jafnaði heimild til að *taka nýja ákvörðun* í máli og hafa því svigrúm til að leiðrétta bersýnilegar villur, sem eru á ákvörðun lægra setts stjórnvalds, *í ákvörðun sinni*. Ef það er ekki stjórnslusamband á milli stjórnvalda kann að reyna á ofangreinda heimild stjórnvalds til að túlka ákvörðun annars stjórnvalds með hliðsjón af heimildinni og eftir atvikum kann stjórnvaldið að vekja athygli hins stjórnvaldsins á villunni.

5. Önnur skilyrði sem ber að uppfylla samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga

5.1 Getur hvílt skylda á stjórnvöldum til að leiðrétta bersýnilegar villur?

Áður en vikið verður að öðrum skilyrðum 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga þykir rétt að taka fram að samkvæmt texta ákvæðisins er kveðið á um „heimild“ stjórnvalda til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum. Í *UA frá 20. september 1994 (nr. 877/1993) (álag á vanskilafé)* reyndi á óskráðu regluna um heimild stjórnvalda til að leiðrétta ákvarðanir sínar. Í málinu taldi umbodsmáður að rétt hefði verið að skattstjórinn í Reykjavík hefði leiðrétt tiltekna misritun strax og embættið fékk vitneskju um villuna og tilkynna aðilanum um leiðréttinguna á grundvelli óskráðu meginreglunnar.

Af álitinu virðist mega álykta að á stjórnvöldum geti hvílt *skylda* til að leiðrétta ákvarðanir sínar sem hafa að geyma tiltekna villur. Kann það að vera í samræmi við þá óskráðu meginreglu stjórnsluréttar að ákvarðanir skulu vera ákveðnar og skýrar. Því vaknar það álitafni hvort það geti í einhverjum tilvikum hvílt skylda á stjórnvöldum til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum þrátt fyrir að ákveði 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga kveði á um heimild til þess. Af texta ákvæðisins má ráða að slík skylda verði ekki byggð á því. Ekki er þó útilokað að slík skylda geti byggst á öðrum

lagagrundvelli. Vegna fyrrnefndrar reglu, um að ákvarðanir stjórnvalda skulu vera ákveðnar og skýrar, og sjónarmiða um vandaða stjórnsluhætti er ekki útilokað að við ákveðnar aðstæður, þar sem réttarstaða aðila máls er óljós vegna villu, að stjórnvaldi geti verið skylt að leiðrétta hana. Af fyrrnefndu álitu er þó ekki ljóst um hvers konar skyldu er að ræða, t.d. hvort gerður sé greinarmunur á *lagaskyldu* og skyldu um að fylgja vönduðum stjórnsluháttum. Í álitinu er aðeins vísað til ákvæðis 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga til hliðsjónar en það kveður, sem fyrr greinir, aðeins á um heimild en ekki skyldu stjórnvalda. Ekki hefur verið skorið úr um þetta álitaefni í framkvæmd.

5.2 Ákvæði 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga kveður á um tilkynningarskyldu og skyldu til að láta aðila máls nýtt endurrit af ákvörðun í té

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga hefur að geyma önnur skilyrði en að um bersýnilega villu sé að ræða. Samkvæmt ákvæðinu ber að tilkynna aðila máls um leiðréttinguna án tafar og láta þeim sem fengið hafa endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té. Ákvæðið kveður með öðrum orðum á um *tilkynningarskyldu*. Sem dæmi úr framkvæmd umboðsmanns þar sem reynt hefur á tilkynningarskylduna má nefna *UA frá 27. desember 2006 í máli nr. 4680/2006 (innheimta útvarpsgjalds)*. Í því máli hafði A verið sett á ný á skrá yfir greiðendur útvarpsgjalds og Ríkisútvarpið á ný hafði innheimtu gjaldsins. A hafði ekki verið tilkynnt um þá ákvörðun Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið taldi að um leiðréttingu á fyrri ákvörðun væri að ræða. Umboðsmaður tók fram að þótt litið hefði verið svo á af hálfu Ríkisútvarpsins að um væri að ræða bersýnilega villu í merkingu 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga, sem stofnuninni hefði verið heimilt að leiðrétta, hefði stofnuninni engu að síður borið að tilkynna um slíka leiðréttingu án tafar eins og segði í ákvæðinu.

5.3 Stjórnvald verður að tilkynna aðila máls um leiðréttinguna án tafar

Eins og fyrr greinir er það skilyrði að aðila máls sé tilkynnt um leiðréttinguna án tafar. Tveir túlkunarkostir koma til skoðunar við túlkun á þessu skilyrði. Í fyrsta lagi að ekki mega verða tafir á því frá því að stjórnvald leiðrétti ákvörðun og þar til það tilkynnir aðila máls um þá leiðréttingu. Í öðru lagi að heimildin sé ekki fyrir hendi ef óhóflegur tími líður frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina og þar til að villa uppgötvast og er leiðrétt. Texti 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga virðist fremur benda til þess að fyrri túlkunarkosturinn eigi við, sjá til hliðsjónar *UA frá 27. desember 2006 í máli nr. 4680/2006 (innheimta útvarpsgjalds)*. Jafnframt virðist texti 3. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála benda til sömu niðurstöðu en þar er kveðið á um að dómari láti aðila nýtt endurrit í té án tafar. Leggja ber því fyrri túlkunarkostinn til grundvallar.

Af ákvæðinu er ekki ljóst hvort stjórnvöld geti glatað rétti sínum til að leiðrétta bersýnilegar villur í stjórnvöldsákvörðun ef þau draga að tilkynna aðila máls um breytingu sem þau hafa gert á henni. Samkvæmt texta ákvæðisins er um skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar að ræða og því er ekki ósennilegt að það geti verið niðurstaðan. Í þessu sambandi má þó minna á að villur sem falla undir heimildina geta verið margs konar allt frá misritun á númeri laga sem hefur takmörkuð áhrif á efni ákvörðunar til leiðréttingar á einkunn nemanda sem hefur mikil áhrif á efni ákvörðunar. Enn fremur

má benda á að ekki er útilokað að á stjórnvöldum geti hvílt skylda til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum, sbr. kafla 5.2. Ef fallist er á að slík skylda geti verið fyrir hendi og á framangreinda túlkun á 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga þá virðist ákvæðið takmarka skyldu stjórnvaldsins til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum. Ekki hefur verið skorið úr þessu atriði í framkvæmd.

Í dönskum rétti virðist gengið út frá því að það geti skipt máli hversu langur tími er liðinn frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila máls og þar til stjórnvald hyggst leiðrétta ákvörðun sína. Ekki er kveðið á um þetta atriði í 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga og ekki hefur reynt á það í framkvæmd. Dæmi um tilvik sem gæti komið upp í framkvæmd er ef það uppgötvast nokkru síðar, jafnvel meira en ári síðar, eftir að nemandi hefur lokið lokaprófi við opinberan framhaldsskóla og t.d. hafið háskólanám, að einkunn hans hafi verið færð inn með röngum hætti þannig að hann hafi í raun fallið en ekki náð prófinu. Gæti stjórnvald í slíku tilviki beitt heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga með þeim áhrifum sem slík ákvörðun kynni að hafa?

Ekki er útilokað að heimild stjórnvalda til að leiðrétta ákvarðanir sínar, sbr. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga, sé við þessar aðstæður þrengri en opið orðalag ákvæðisins bendir til og þá með hliðsjón af fyrirkomulagi laga um aðrar heimildir stjórnvalda til að breyta og afturkalla ákvarðanir sínar. Hér verður að hafa í huga að með ákvæðinu er stjórnvöldum fengin tiltölulega þröng heimild til að leiðrétta villur sem verða við formlega úrvinnslu eða meðferð máls og eru augljósar frá sjónarhorni borgarans að virtri ákvörðuninni og málsatvikum heildstætt og þá án þess að þurfa að fylgja málsmeðferðar- og réttaröryggisreglum stjórnsýslulaga. Heimildin byggir því á skilvirknissjónarmiðum og að ákvarðanir stjórnvalda skuli vera réttar og skýrar en henni er þó, sem fyrr greinir, sniðinn þröngur stakkur við þær aðstæður þar sem borgaranum má vera ljóst að um villu er að ræða. Eftir því sem lengra líður frá því að ákvörðun var tilkynnt borgaranum þá kunna réttmætar væntingar mögulega að skapast hjá honum eða hann hefur mögulega athafnað sig og byggt rétt á ákvörðuninni í krafti þess að hún stæði. Leiðrétting á villunni gæti því haft verulega röskun í för með sér á högum og stöðu borgarans. Eins og áður hefur verið rakið hefur verið talið að ekki beri að taka tillit til réttmætra væntinga borgaranna við leiðréttingu á bersýnilegum villum á þessum grundvelli. Málsmeðferð og ákvarðanatáka á grundvelli 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga er því einfaldari en samkvæmt sumum öðrum heimildum sem stjórnvöld hafa til að breyta og afturkalla ákvarðanir sínar. Við slíkar aðstæður kann því að vera eðlilegra að mál sé lagt í farveg afturköllunar þar sem tekið er tillit til traustsjónarmiða og réttmætra væntinga borgarans. Að minnsta kosti myndu vandaðir stjórnsýsluhættir mæla með slíkri málsmeðferð. Um þetta atriði ríkir þó réttaróvissa.

5.4 Tímafrestir

Þegar stjórnvald hefur beitt heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga og tilkynnt aðila máls um leiðréttinguna vaknar það álitaefni hvernig ber að fara með ýmis tilvik sem bundin eru við birtingu ákvörðunar, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga, en frá þeim degi öðlast stjórnvaldsákvörðun almennt séð réttaráhrif. Ber að miða við upphaflegu birtinguna, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga, eða tilkynningu um leiðréttingu á villu, sbr. 2. mgr. 23. gr. sömu laga? Hvorki í texta síðarnefnda ákvæðisins né athugasemdum við það er kveðið

á um þetta álitafni. Ákvæðið kveður þó á um leiðréttingu á ákvörðun en felur ekki í sér heimild til að taka nýja ákvörðun. Auk þess geta þær villur sem fallið geta undir heimildina verið margs konar og jafnvel smávægilegar. Sem dæmi mætti nefna augljósa misritun á númeri laga sem hefur engin áhrif á efni ákvörðunar. Þegar þetta er haft í huga verður að ganga út frá því að almennt beri að miða við það tímamark þegar ákvörðun var upphaflega tilkynnt aðila máls, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga.

Leiðrétting á efni ákvörðunar, t.d. einkunn nemenda, getur þó skapað vandasöm álitafni í þessu samhengi. Sé miðað við tímamark 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga getur sú aðstaða verið fyrir hendi í einhverjum málum að ekki er með sanngirni hægt að ætlast til þess að aðili máls hafi getað athafnað sig í samræmi við ákvörðunina og nýtt sér réttindi sín samkvæmt stjórnsýslulögum. Á móti mætti benda á að aðeins er heimilt að leiðrétta „bersýnilegar“ villur en í því tilviki hafi aðili máls getað áttað sig á raunverulegu efni ákvörðunar eða a.m.k. leitað til stjórnvaldsins til að fá nánari skýringar á ákvörðuninni, t.d. í formi beiðnar um rökstuðning, sbr. 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga. Þeim rökum mætti svara þannig að ákvörðun um það hvort villa telst vera bersýnileg er matskennd og að draga megi í efa hvort hægt sé að leggja slíka skyldu á borgarann.

Til að gefa dæmi um þau flóknu álitafni sem geta risið við þessar aðstæður er þegar það skapast fyrst ástæða fyrir aðila máls til að biðja um rökstuðning á ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga þegar villa í ákvörðun hefur verið leiðrétt en þá kann tveggja vikna frestur 3. mgr. 21. gr. til að óska eftir rökstuðningi að vera liðinn sé miðað við upphaflegu birtinguna. Jafnframt kann fyrst við leiðréttinguna að skapast ástæða fyrir aðila máls að kæra ákvörðun en þá kann kærufrestur, miðað við upphaflegu birtinguna, að vera liðinn. Við þessar aðstæður verður að telja að a.m.k. skilyrðum 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga væri fullnægt. Sérstök álitafni gætu auk þess skapast ef ákvörðun væri leiðrétt eftir að ársfrestur 2. mgr. 28. gr. væri liðinn en hann er samkvæmt ákvæðinu fortakslaus. Um slík tilvik sjá til hliðsjónar þau sjónarmið sem rakin eru í kafla 5.3.

Til hliðsjónar má benda á að samkvæmt 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði skyldi eftirrit, sem út kynnu að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, afhent dómara um leið til leiðréttingar, en frestir teldust frá uppkvaðningu samkvæmt 3. og 4. mgr. 194. gr. Í 3. mgr. 194. gr. laga kom fram að ef aðili hefur ekki verið viðstaddur dómsuppsögu, skuli sá, er byggja vill rétt á dóminum eða vill láta fresti samkvæmt honum byrja að líða, birta hann með sama hætti sem stefnu. Í 4. mgr. ákvæðisins kom síðan fram að gagnvart þeim aðilja, sem við er staddur dómsuppsögu, hefst eiðsfrestur og aðfararfrestur frá þeim degi, en annars frá birtingardegi.

Í 4. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir nú hins vegar að frestir samkvæmt dómi eða úrskurði byrji að líða þegar við uppkvaðningu hans án tillits til þess hvort aðilar séu þar staddir.^{vi} Úr þessu álitafni, þ.e. varðandi tímafresti í stjórnsýslulögum, hefur ekki verið skoríð í framkvæmd en eins og að framan er rakið ber almennt að miða við það tímamark þegar upphaflega ákvörðunin var tilkynnt aðila máls.

Af framanröktu má ráða að þótt skilyrði 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga um að tilkynna beri aðila máls um leiðréttinguna án tafar sé tiltöluleg einfalt geta flókin álitafni risið sérstaklega þegar haft er í huga að heimildin getur náð til leiðréttingar á efni ákvörðunar, þ. á m. villu í niðurstöðunni.

6. Lokaorð

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga hafa stjórnvöld heimild til að leiðrétta bersýnilegar villur eftir að ákvörðun hefur verið birt aðila máls. Þegar stjórnvöld beita þessari leiðréttingarheimild þurfa þau ekki að fylgja málsmeðferðarreglum stjórnslulaga eða að leggja sams konar mat á mál og þegar þau taka ákvörðun um afturköllun ákvörðunar þar sem m.a. þarf að taka afstöðu til réttmætra væntinga borgaranna. Það kann því að skipta verulegu máli hvert gildissvið þessarar heimildar er. Í greininni er rakið að undir hugtakið villur í ákvæðinu, sem heimilt er að leiðrétta, falla ekki aðeins villur sem hafa áhrif á form ákvörðunar heldur einnig þær sem geta strangt til tekið haft áhrif á efni hennar, þ. á m. hina birtu niðurstöðu. Það sem ræður úrslitum um það hvort villa fellur undir ákvæðið er hvers eðlis villan er. Villur sem hafa orðið við formlega úrvinnslu eða meðferð ákvörðunar, t.d. vegna misritunar, reikningssskekkju eða textalega úrvinnslu þar sem t.d. textabútur hefur fallið á brott, falla undir ákvæðið. Villur sem hins vegar hafa orðið við efnislega úrvinnslu eða meðferð ákvörðunar, t.d. þar sem byggt hefur verið á lögvillu eða röngum eða ónógum upplýsingum, falla ekki undir ákvæðið. Í vafa ber fremur að álykta að villa falli ekki undir ákvæðið.

Þrátt fyrir að heimildin nái til leiðréttingar villna sem hafa áhrif á efni ákvörðunar þá er mikilvægur varnagli sleginn með þeim áskilnaði ákvæðisins að villur verða að teljast bersýnilegar. Mat á því hvort villa telst vera bersýnileg er almennt og frá sjónarhorni aðila máls og byggist á heildstæðu mati á ákvörðuninni og þeim málsatvikum og öðrum gögnum málsins sem mynda samhengi hennar. Gera verður töluverðar kröfur til þess að villa sé bersýnileg og í vafa ber fremur að leggja mál í annan farveg, t.d. afturköllunar. Kröfurnar til þess hversu bersýnileg villa þarf að vera svo heimildin eigi við kunna að vera afstæðar eftir áhrifum og afleiðingum sem leiðrétting á villunni hefur í för með sér. Þá verður að játa stjórnvöldum heimild til að túlka ákvörðun annars stjórnvalds með hliðsjón af heimild 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga en svigrúm þeirra kann að vera verulega takmarkað í sumum tilvikum m.a. eftir áhrifum villunnar.

Í 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga er kveðið á um önnur skilyrði sem ber að uppfylla. Þau eru að tilkynna ber aðila máls um leiðréttinguna án tafar og láta þeim sem hafa fengið afrit af ákvörðunni nýtt afrit í té. Þrátt fyrir að þessi skilyrði séu tiltölulega auðskilin geta risið flókin álitaefni sérstaklega þegar leiðrétt hefur verið villa sem hefur áhrif á efni ákvörðunar, t.d. um kærufresti og fresti til að óska eftir rökstuðningi. Jafnframt geta risið upp álitaefni um hvort stjórnvöld glata heimild sinni til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun sinni ef langt er um liðið frá því að villa uppgötvast og hvort stjórnvaldi sé skylt við vissar aðstæður að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum. Úr þessum álitaefnum hefur ekki verið leyst í framkvæmd.

Aftanmálgreinar

- ⁱ Ég færi Særúnu Maríu Gunnarsdóttur, lögfræðingi við embætti umboðsmanns Alþingis, kærar þakkir fyrir að hafa lesið yfir drög að greininni og komið með athugasemdir og ábendingar um það sem betur mætti fara. Ég ber þó að sjálfsgöðu einn ábyrgð á efni greinarinnar.
- ⁱⁱ Ákvæðið hljóðar svo: Retten kan til enhver tid i embeds medfør eller ifølge begæring berigtige - skrivefejl, som er indløbet i hessende til ord, navne eller tal, blotte regnefejl samt sådanne fejl og forglemmelser, som alene vedrører udfærdigelsens form

- iii Ákvæði 156. gr. hljóðar svo: Er det I dommen skrivefeil eller regnefeil eller andre åpenbare uriktigheter eller utelatelser, skal retten selve eller den høyere rett som får saken, rette dem av eget tiltak. Kan det være tvil om hvordan rettingen skal foretas, treffes avgjørelser av den samlede rett. Ellers kan formannen foreta rettingen. Ákvæði 157. gr. hljóðar svo: Er der ellers i domsgrundene urigtigheter, ukklarheter, motsigelser eller ufuldstændigheder, kan de rettes efter begjæring av den ene part, og efterat den anden er hørt. Begjæringen maa fremsættes inden to uker. Den skal snarest mulig avgjøres av de samme dommere, som har avsaagt dommen. Dog behøver ikke meddommerne at tilkaldes, medmindre nogen av parterne forlanger det.
- iv Sjá nánar Róbert R. Spanó 2007, 329-331.
- v Um túlkun hugtaksins í dönskum rétti sjá Gomard og Kistrup 2007, 700 og *UfR 2004, bls.1696Ø* þar sem undirréttur hafði gleymt að taka afstöðu í dómi til málskostnaðarkröfu en ekki var talið að heimilt væri að leiðrétta þá yfirsjón með vísan til heimildarinnar.
- vi Í 3. mgr. 185. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir á hinn bóginn svo: Ef ákærði sækir þing við uppkvaðningu dóms telst dómurinn birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit dómsins. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur eða þyngri viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til áfrýjunarfjárhæðar í einkamáli og skal þá ákærandi birta honum dóm. Fer þá um birtingu dóms eftir því sem segir í 156. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

Heimildir

Alþingistíðindi.

- Andersen, P. (1956). *Dansk forvaltningsret*. Kaupmannahöfn, Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Basse, E.M. o.fl. (1989). *Forvaltningsret. Almindelige emner*. Kaupmannahöfn, Jurist- og Økonomforbundets Forlag.
- Frihagen, A. (1992). *Forvaltningsrett. Bind III*. Bergen, Forlaget A. Frihagen A/S..
- Gammeltoft-Hansen, H., o.fl. (2002). *Forvaltningsret*. Kaupmannahöfn, Jurist- og Økonomforbundets Forlag.
- Garde J., o.fl. (2009). *Forvaltningsret. Almindelige emner*. Kaupmannahöfn, Jurist- og Økonomforbundets Forlag.
- Gomard, B., og Kistrup, M. (2007) *Civil Processen*. Kaupmannahöfn, Forlaget Thomson.
- Ólafur Jóhannesson (1974). *Stjórnarfræðingur*. Reykjavík, Hlaðbúð.
- Páll Hreinsson (1994). *Stjórnsýslulögin. Skýringarrit*. Reykjavík, Forsætisráðuneytið..
- Róbert R. Spanó. (2007). *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík, Codex. Reykjavík.

Dómar og álit:

Dómar Hæstaréttar Íslands:

- Hrd. 1975, bls. 728.
- Hrd. 1987, bls. 437.
- Hrd. frá 18. mars 2008 í máli nr. 454/2007.
- Hrd. frá 1. september 2008 í máli nr. 368/2008.
- Hrd. frá 15. desember 2008 í máli nr. 651/2008.
- Hrd. frá 28. maí 2009 í máli nr. 543/2008.
- Hrd. frá 28. maí 2009 í máli nr. 544/2008.
- Hrd. frá 10. desember 2009 í máli nr. 292/2009.

Álit umboðsmanns Alþingis:

- UA frá 12. nóvember 1992 í máli nr. 399/1992.
- UA frá 20. september 1994 í máli nr. 877/1993.
- UA frá 28. ágúst 1997 í máli nr. 1852/1996.
- UA frá 21. júlí 1999 í máli nr. 2458/1998.
- UA frá 12. september 2001 í máli nr. 3152/2001.
- UA frá 18. mars 2003 í máli nr. 3515/2002.
- UA frá 27. desember 2006 í máli nr. 4680/2006.
- UA frá 8. mars 2010 í máli nr. 5649/2009.

Danskir dómar og álit:

- UfR 1972, bls. 947.
- UfR 2004, bls. 1696 Ø.
- FOB 1982, bls. 262.
- FOB 1986, bls. 106.
- FOB j. nr. 2000-1340-740.
- FOB j.nr. 2000-1368-629.